

***BORGARRÁÐ 19. júlí 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins um að farið verði eftir ábendingum umboðsmanns Alþingis - R18070088***

Lagt er til að farið verði að öllu leyti að ábendingum umboðsmanns Alþingis í tilefni af frumkvæðisathugun vegna húsnæðisvanda utangarðsfólk þar sem hann beinir m.a. þeim tilmælum til Reykjavíkurborgar að reglur þurfi að vera almennar, aðgengilegar og skýrar um inntak þeirrar aðstoðar sem einstaklingur á rétt á og birta borgurum með fullnægjandi hætti. Enda eiga slíkar reglur að vera í samræmi við almenn réttarríkis- og réttaröryggissjónarmið.